



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 1. apríl 2020



Tólfthi fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 1. apríl 2020 kl. 16.30.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Inga Lilja Lárusdóttir og Jón Viðar Stefánsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Ársreikningur HSÍ
AP kynnti ársreikning HSÍ fyrir árið 2019. Rekstur sambandsins gekk vel á árinu og var rekstarhagnaður 11.204.064 kr. Eigið fé er þó enn neikvætt um 25.864.566 kr. Stjórn HSÍ samþykkti ársreikninginn samhljóða.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
 - a. Starfsemi skrifstofu HSÍ og verkefni framundan
RG kynnti hvaða starfsemi fer fram á skrifstofu HSÍ þessa dagana. Vegna Covid 19 veirunnar er starf á skrifstofu með breyttu sniði. Starfsmenn vinna heima og skipta með sér dögum á skrifstofunni. Ákveðið var að keyra í gang tvö samfélagsverkefni, á Facebook síðu sambandsins. Annarsvegar tímavélina þar sem gamlir leikir eru kynntir og hins vegar verkefnið „æfum heima“ í samvinnu við landsliðsfólkið okkar. Það felst í því að birtar eru daglega æfingar frá landsliðsmönnum sem iðkendur geta gert heima hjá sér. Þá hefur talsverð vinna farin í það að koma þjálfaranámskeiðunum okkar í fjarnám en sú vinna er langt komin og er stefnt að því að byrja námskeiðin í næstu viku en auglýsingar fóru í loftið í vikunni.
 - b. Bréf frá EHF varðandi landsleiki og Evrópukeppni í júní og júlí
GBO og RG kynnti innihalds bréfs sem barst frá EHF varðandi framhald landsleikja og Evrópukeppna í sumar. Öllu leikjum hefur verið frestað fram á sumar. HSÍ mun áfram fylgjast með þeirri þróun sem er í gangi og mun RG upplýsa um það ef breytingar verða.
 - c. Bréf frá Select varðandi bolta
GBO kynnti bréf sem barst frá Select og Kempa varðandi boltastærðir. En fyrirhugað er af hálfu IHF að gefa þeim aðilum sem framleiða bolta án klísturs kost á að hafa þá minni en keppnisboltar eru í dag. Bréf framleiðandanna var að vekja athygli á að gefinn verði amk 2ja ára aðlögunartími svo allir framleiðendur sitji við sama borð.
 - d. Fjármál félaga
Vegna fyrirhugaðs tekjutaps félaga vegna frestunar eða niðurfellingar á keppnishaldi vegna Covid 19 hefur verið samþykkt á Alþingi heimild til að styrkja íþróttafélög og sambönd vegna fyrirhugaðs tekjutaps. Nánari útlistun verður kynnt í vikunni af hálfu ÍSÍ og mun HSÍ kynna þetta fyrir félögum á formannafundi.
4. Framhald mótahalds sökum Covid 19 veirunnar
GBO og DBG röktu aðeins stöðu mála varðandi framhald mótahalds sökum Covid 19 veirunnar. Ákveðið var að sjá hver næstu útspil stjórnvalda verða, hvort framhald verði á samkomubanni og hvað það muni



hugsanlega vara lengi. Málinu frestað til næsta fundar stjórnar sem verður næsta mánudag og verður boðað til formannafundar sama dag.

5. Formannafundur HSÍ

Boðað verður til formannafundar mánudaginn 6. apríl kl.16.00. Fundurinn verður í fjarfundi.

6. Ársþing HSÍ

Ársþing HSÍ verður 25.apríl nk. Framboðsfrestur rennur út um helgina og verður ítrekun send á hreyfinguna í dag.

7. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður mánudaginn 6. apríl kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari